

Reglur um gjafakort

Engin sérstök lög eru til um gjafakort. Viðskiptaráðuneytið hefur þó gefið út Verklagsreglur um skilarétt, þar sem meðal annars er fjallað um gjafakort. Hér er bæði stuðst við þessar reglur svo og leiðbeiningar sem samtök sænskra kaupmanna, Svensk Handel, gáfu út.

Gjafakort er ávísun á verðmæti. Oft er gjafakortið stílað á handhafa þess, þ.e.a.s. ekkert nafn er skráð á kortið og því er það sá sem kemur í verslunina með kortið sem getur keypt fyrir það. Það skiptir því ekki máli hvernig viðkomandi hefur fengið kortið. Þó svo að sá sem upphaflega átti kortið hafi týnt því, getur sá sem finnur það keypt fyrir það. Upphaflegi eigandi kortsins á þá engan kröfurétt á verslunina.

Annar möguleiki er að gjafakortið sé stílað á ákveðna persónu. Þá getur aðeins sá sem skráður er á kortið keypt fyrir það í versluninni. Ef einhver annar má nota kortið þarf að tilkynna versluninni það og láta það koma fram skriflega, helst á kortinu.

Gildistími

Gjafakort er venjulega gilt í 4 ár frá útgáfu þess. Í 6. gr. verklagsreglna viðskiptaráðuneytisins segir um gjafakort „almennur fyrningafrestur á slíkum kröfum er fjögur ár, sbr. lög nr. 14/1905. Hér gildir einnig, sbr. 5. gr. að mikilvægt er að slíkar kröfur séu færðar í bókhald verslunar og að þær haldi gildi sínu gagnvart þeim sem útgefandi kanna að framselja verslunarrekstur sinn til.“

Mögulegt er þó að hafa gildistímann styttri. Í þeim tilvikum er mikilvægt að fram komi hver gildistíminn er á gjafakortinu auk þess að viðskiptavinurinn sé látinn vita um það þegar greitt er fyrir kortið. Gildistíminn má ekki vera óeðlilega skammur, hann ætti að vera minnst eitt ár fyrir almenn gjafakort. Eðlilegt er að hafa styttri gildistíma á gjafakorti ef um er að ræða kort sem tengist ákveðnu markaðs- eða söluátaki eða ef kortið fylgir með sölu á annarri vöru. Gildistími gjafakorts hefst þann dag sem það er gefið út eða keypt. Þess vegna er mikilvægt að dagsetning útgáfudags kortsins komi fram.

Mikilvægt til að hindra fölsun

Nauðsynlegt er að hafa ákveðnar starfsreglur að leiðarljósi við gerð gjafakorts til að koma í veg fyrir fölsun. Algangasta tegund fölsunar er að falsarinn breytir upphæðinni sem skrifuð hefur verið á kortið, t.d. með því að bæta tölustafnum 1 framan við upphæðina. Þannig er gjafakort að upphæð 5.000 kr. gert að 15.000 kr. Þess vegna er mikilvægt að upphæðin á kortinu sé einnig skrifuð með bókstöfum.

Ein aðferð sem notuð er til að koma í veg fyrir fölsun er að koma sér upp skráningarbók í versluninni þar sem öll útgefin gjafakort eru skráð. Upphæðin á kortinu þarf að koma þar fram. Nauðsynlegt er að hvert útgefið kort hafi raðnúmer. Þá getur verið auðveldara við afgreiðsluna að hafa númerið í formi strikamerkis sem hægt er að lesa af með skanna. Með þessum hætti er auðvelt að fylgjast með því hvort kortið er falsað.

Gjafakort ætti alltaf að geyma í peningaskáp. Mikilvægt er að hafa strangt eftirlit með því hversu mörgum kortum er dreift eða seld.

Eftirfarandi þarf að koma fram á gjafakostinu:

1. Nafn fyrirtækis, heimilisfang og kennitala þess sem gefur út kortið
2. Að ef kortið er stílað á tiltekinn viðskiptavin þurfi hann að tilkynna seljandanum ef einhver annar fær heimild til að nota það, eða
3. Ef kortið er stílað á handhafa er það verðmætið í sjálfu sér og þá getur sá sem hefur það undir höndum kaypt fyrir það
4. Að kortið beri enga vexti
5. Gildistími kortsins auk útgáfutíma
6. Að ekki er hægt að leysa inn andvirði kortsins gegn því að fá út peninga. Gjafakortið er eingöngu ætlað til að kaupa fyrir það vöru eða þjónustu hjá útgefandanum.

Ef verslunin skiptir um eiganda verður að taka tillit til þeirra gjafakorta sem ekki hafa verið innleyst. Það sama á við ef útgefandi framselur öðrum verslunarreksturinn.

Þegar reynt er að kaupa vöru fyrir falsað gjafakort þegar upp kemst að gjafakort hafi verið falsað á að taka það til vörslu og tilkynna til lögreglu. Tilkynna þarf það útgefanda kortsins og þeim sem það er stílað á. Gera þarf tilkynningu til lögreglu strax og grunur vaknar um fölsun.

Viðskiptavinur sem reynir að kaupa fyrir falskt gjafakort kann að vera ómeðvitaður um að það er falsað. Viðkomandi getur t.d. hafa fengið kortið í gjöf.

[< Til baka >](#)